

10. Hagfræði

Ingvar Björnsson

Handrit ekki tilbúið.

Bókvís ehf.

Jón Hlynur Sigurðsson

Bókvís ehf. er sjálfstætt fyrirtæki í bókhaldsþjónusta í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Unnið er bókhald fyrir bændur, einstaklinga og minni fyrirtæki. Þá sér Bókvís um bókhald fyrir Búnaðarsambandið og ýmis félög og stofnanir á sambandssvæðinu. Auk bókhaldsvinnu selur Bókvís Búnaðarsambandinu ýmsa vinnu tengda starfsemi og tölvuþjónustu. Húsnæði og aðstaða er leigð af BSE.

Föst stöðugildi 2010 voru 2,8 en auk þess var keypt vinna af BSE á álagstímum.

Árið 2010 var unnið virðisaukaskattsuppgjör fyrir um 80 bændur en í heild var unnið uppgjör og skattframtal fyrir um 125 bændur. Þá voru um 20-25 fyrirtæki og einstaklingar í tveggja mánaða uppgjöri auk þess sem Bókvís sér um launauppgjör fyrir all marga bændur og fyrirtæki. Skattauppgjör eru veigamikill þáttur í starfsemi og mikill álagstími á vorin í uppgjöri. Árið 2010 var eins og fyrr segir gert skattframtal fyrir um 125 bændur, um 20 einstaklinga með rekstri, um 60 lögaðila og um 150 einstaklinga aðra, samtals skilað um 355 framtölum.

Auk bókhaldsvinnu sinna starfsmenn Bókvíss ýmsum tilfallandi störfum fyrir Búnaðarsambandið, s.s. vörusölu, tölvuvinnu, sínavörslu o.fl. Aðstoð við samningagerð, jarðaskipti, stofnun einkahlutafélaga og fleira því tengt er all nokkur og vaxandi þáttur í starfsemi.

Fastir starfsmenn allt árið voru Jón Hlynur Sigurðsson og Þórður Gunnar Sigurjónsson og Hildur Aðalsteinsdóttir í 80%. Þá starfaði Rafn Arnbjörnsson við virðisaukaskattsuppgjör og skattauppgjör.